

Ed.

583. Nefndarátt

um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

Breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 556 lætur hún fylgja þessar athugasemdir:

Nefndin er öll sammála um það, að laun ráðherranna sjeu of lág, enda er henni kunnugt um, að þau hafa ekki brokkið fyrir útgjöldum þeirra, þar sem þeir vegna stöðu sinnar verða að hafa meiri kostnað en þeir ella hefðu þurft. Telur nefndin sjálfsgagt, að Alþingi vilji bæta þeim upp fjárhagslegt tap þeirra að einhverju leyti, og flytur því tillögu um nokkra uppbót þeim til handa.

Hallur Hallsson tannlæknir sækir um 2000 kr. styrk til að ljúka námi við tannlæknaskóla í Khöfn og til áhaldakaupa. Hann mun taka fullnaðarpróf í vor og hefir ásett sjer að setjast að hjer heima til að stunda tannlækningar. Maðurinn er efnalaus, og getur því ekki af eigin ramleik keypt sjer nauðsynleg áhöld til þess að stunda iðn sína. Nefndin vill styðja hann til þess með því að veita honum 1500 kr. styrk, gegn því, að hann setjist að á Austurlandi, með því þar mun ekki vera neinn sjerfræðingur í þeirri grein, og því full þörf fyrir hann þar.

Nefndin vill veita Guðnýju Jónsdóttur styrk til að ljúka hjúkrunar-námi. Hún hefir stundað þetta nám í New-York og nú um þessar mundir í London. Þykir hún með atbrigðum dugleg og vel fallin til þessa starfa; hefir hún bestu meðmæli frá Englandi, enda notið þar styrks úr opinberum sjóð, sem viðurkenning fyrir ágæta hæfileika.

Á þinginu 1922 komu fram beiðnir frá þeim Gísla Sveinssyni sýslumanni og Jóni Jónssyni lækni um utanfararstyrk vegna heilsubilunar. Þessum beiðnum var þá ekki sint, en nú hefir Nd. tekið upp styrk handa hinum fyrnefnda, vegna kostnaðar, er hann hefir haft af því að fara utan til lækninga. Nefndin sjer ekki, að komist verði hjá því að veita Jóni lækni styrk í sama augnamiði, þar sem svo líkt er ástátt um báða þessa menn, og leggur því til, að honum verði veittar 1500 kr.

Kvennaskólinn í Reykjavík hefir komist í skuld vegna óhjákvæmilegra umbóta og aukningar á áhöldum skólans og munum. Hinsvegar er fjárhagur skólans svo þröngur, að hann má ekkert missa af þeim styrk, sem hann fær í fjárlögunum, til að standast kostnað við reksturinn. Því vill nefndin veita honum hjálp til að greiða þessa áföllnu skuld og útvega honum nauðsynlegustu kensluáhöld.

Stíðastlíðið ár hefir Þjóðmenjasafnið átt kost á að eignast óvenju marga merka forngripi, sem voru í eign dánarhús J. V. Havsteens á Akureyri. Til þess að koma í veg fyrir, að gripir þessir færu forgörðum eða yrðu seldir úr landi, hefir fornmenjavörður orðið að stofna um 1200 kr. skuld til þess að safnið gæti eignast þessa gripi. Hann hefir því farið þess á leit, að safninu yrði veitt þessi upphæð í fjárukalögum. Nefndin vill verða við þessari ósk með því að veita 1000 kr.

Nefndin er því mótfallin, að Alþingi heimili stjórninni ábyrgðir á lán-um til fyrirtækja, sem þingið hefir enga aðstöðu til að dæma um, á hve tryggum grundvelli eru reist,-og nota á til fyrirtækja, sem stjórnin getur ekki

haft nægilegt eftirlit með. Hún leggur því til, að ábyrgðarheimildin vegna Konráðs Stefánssonar falli niður.

Alþingi, 6. maí 1923.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Einar Arnason,
skrifari og lrsn.

Ingibjörg H. Bjarnason.

Hjörtur Snorrason.

Jónas Jónsson.